

Viljayfirlýsing

Hagsmunaaðila Grundartangasvæðisins um vilja til samstarfs á sviði umhverfismála, mótun framtíðasýnar, upplýsinga um lýðfræði og aðrar tölfraeðilegar upplýsingar um svæðið með það að markmiði að vera leiðandi í umhverfismálum, upplýsingagjöf um svæðið, forgangsröðum á valkostum fyrir framleiðslu – og þjónustufyrirtækjum.

Samstarfið getur verið ráðgjafandi aðili Hvalfjarðarsveitar sem hefur skipulagsvald á svæðinu um stöðu umhverfislegra gilda og þróun þeirra, æskilega forgangsröðun um hvers konar starfsemi henti sem viðbót við núverandi starfsemi, sem þarf að rúmast innan þeirra takmarka sem samstarfið setur sér.

Jafnframt mun samstarfið leggja áherslu á að kynna svæðið sem staðarvalkost fyrir starfsemi sem aðilar telja vera heppilega fyrir svæðið að fá til sín á grundvelli forgangsröðunar.

Gögn um kosti svæðisins sem búsetuvalkost verður aðgengilegur og uppfærð reglulega.

Skoðaðir verða möguleikar á samstarfi við erlenda aðila sem unnið hafa markvisst að uppbyggingu atvinnusvæða með umhverfisvernd að leiðarljósi, m.t.t. mengunar, fullnýtingar hráefna o.fl. (T.d. Kalundborg í Danmörku).

Hagsmunaaðilar eru:

- Hvalfjarðarsveit
- Akraneskaupstaður
- Borgarbyggð
- Skorradalshreppur
- Faxaflóahafnir
- Önnur fyrirtæki á svæðinu
- Háskólar
- Rannsóknarstofnanir t.d. NMI

Undirritaðir hagsmunaaðilar lýsa því yfir vilja til að vinna áfram að Samstarfsvettvangi til að vinna að þeim markmiðum sem sett eru fram. Æskilegt að ljúka stofnun slíks vettvangs á haustdögum og hann taki til starfa um áramót. Mikilvægt að sem flestir starfandi aðilar á svæðinu leggi fyrirhuguðu samstarfi lið.

Verði að stofnun samstarf leiðir það til kostnaðar fyrir samstarfsaðila, tillögur þar um verða sendar til væntanlegra samstarfsaðila þegar fyrir liggur hversu mörg fyrirtæki eru tilbúin að leggja verkefninu lið.